



Featured | Fréttir | Olísdeildir | Olís kvenna

Einstefna í KA-heimilinu

Ivar Benediktsson | 27.02.21



KA/Þórslíðið er áfram á sigurbraut. Mynd/Egill Bjarni Friðjónsson

KA/Þór vann stórsigur á FH, 34:17, í Olísdeild kvenna í handknattleik í dag en leikið var í KA-heimilinu. Þar með hefur KA/Þór 16 stig í efsta sæti deildarinnar eftir 10 leiki. FH rekur lestina án stiga.

Eins og við mátti búast þá var mikill munur á liðunum að þessu sinni enda eru þau hvort á sínum enda á stöðutöflu Olísdeildarinnar. Eftir stundarfjórðungsleik var munurinn orðinn sjö mörk, 10:3. Það hallaði frekar undan fæti hjá Hafnfröðingum áður en fyrri hálfleikur var úti. Fjórtán marka munur var að loknum fyrri hálfleik, 19:5.

Sami munur var á liðunum í síðari hálfleik. Hreinlega var um einstefnu að ræða af hálfu KA/Þórs sem vann öruggan sigur og leikurinn gjörólíkur þeim sem liðin buðu upp á í fyrri umferðinni í lok september. KA/Þór vann þá viðureign með tveggja marka mun, 21:19.

Mörk KA/Þórs: Ásdís Guðmundsdóttir 7/1, Hulda Bryndís Tryggvadóttir 7, Sólveig Lára Kristjánsdóttir 6, Rakel Sara Elvarsdóttir 4/2, Rut Arnfrjörð Jónsdóttir 4, Aldís Ásta Heimisdóttir 3, Kristín A. Jóhannsdóttir 2, Arna Valgerður Erlingsdóttir 1. **Varin skot:** Matea Lonac 15, 53,6% – Ólöf Maren Bjarnsdóttir 4 – 50%.

Mörk FH: Ragnheiður Tómasdóttir 6, Aníta Theodórsdóttir 3, Fanney Þór Þórsdóttir 2/2, Arndís Sara Þórsdóttir 1, Britney Cots 1, Hildur Guðjónsdóttir 1, Aþena Arna Ágústsdóttir 1, Emma Havin Sardarsdóttir 1, Emilía Ósk Steinarsdóttir 1. **Varin skot:** Írena Björk Ómarsdóttir 5, 25% – Hrafnhildur Anna Þorleifsdóttir 2, 9,5%.

Öll tölfræði leiksins hjá HBStatz.

Staðan í Olísdeild kvenna.



Fyrri frétt
ÍBV var skrefi á undan



Framtíðarmaður framlangir hjá FH
Fréttir | Ivar Benediktsson - 19.04.21

Næsta frétt
Kraftmikil byrjun Fram lagði grunninn



Fimm breytingar – þar af er einn nýliði í landsliðshópnum
Fréttir | Ivar Benediktsson - 19.04.21



Alfreð kallar saman 21 leikmann
Fréttir | Ivar Benediktsson - 19.04.21



Var ekki tilbúin að leika aftur í fyrstu deild
Fréttir | Ivar Benediktsson - 19.04.21



- Olísdeildir
Olís karla
Olís kvenna
Grill66deildir
Grill 66 karla
Grill 66 kvenna
Landsliðin
Staða og leikir
Olís deildir
Grill66 deildir
Okkar fólk úti
Útlönd
Skoðanir
Um vefinn
Styrkja vefinn
Stuðningsaðilar
Útgefandi & auglýsingar
Skilmálar

- Facebook
Instagram
Twitter